

**GALLUP®**

Fyrirmyndar sveitarfélag – góður vinnustaður í almannabágu

Ágæti viðtakandi,

Bæjarstarfsmannafélagin¹ innan BSRB hafa ákveðið að bjóða sveitarfélögum þar sem félagsmenn viðkomandi stéttarfélaga starfa, að taka þátt í könnun sambærilegri þeirri sem Sameyki og fjármála- og efnahagsráðuneyti gera meðal ríkisstofnana (Stofnun ársins) og VR gerir meðal fyrirtækja á almennum markaði (Fyrirtæki ársins).

Jákvætt starfsumhverfi og góð stjórnun eru lykilþættir góðrar þjónustu og ánægju íbúa. Fyrir okkur sem stöndum að könnuninni skiptir þó enn meira máli starfsfólki sé skapað styðjandi og hvetjandi starfsumhverfi vegna hinna sterku áhrifa stjórnunar og starfsumhverfis á heilsu og líðan starfsfólks.

Tilgangurinn með könnuninni „Fyrirmyndar sveitarfélag“ er að hvetja stjórnendur sveitarfélaganna til að veita starfsumhverfinu aukna athygli. Mikil reynsla er af þessari könnun, sem er ítarleg, og gefur stjórnendum kleift að bregðast við áskorunum með skipulögðum hætti. Einnig er ætlunin að skapa almenna umræðu á vinnustöðum okkar félagsmanna um áhrif starfsumhverfis og stjórnunar á starfsfólk, þjónustuþega og samfélag. Ekki síst er tilgangurinn að veita góðum vinnustöðum viðurkenningu fyrir að hlúa vel að okkar félagsfólki.

Um hvað er spurt í könnuninni?

Alls eru rúmlega 40 spurningar í könnuninni sem falla í níu þætti: stjórnun, ímynd, starfsanda, sjálfstæði, vinnuskilyrði, sveigjanleika, launakjör, jafnrétti, auk ánægju og líðanar starfsfólks. Í næstu könnun munu svo sveitarfélögin sem ná þátttökuskilyrðum geta séð þróun á niðurstöðum allra þátta. Frekari upplýsingar um spurningalistann má fá frá Tómasi Bjarnasyni (tomas.biarnason@gallup.is) hjá Gallup.

Hvar verða niðurstöður birtar?

Niðurstöður hvers sveitarfélags sem nær þátttökuviðmiðum verða aðgengilegar á heimasíðum félaganna sem standa að könnuninni. Sýndar verða niðurstöður allra þátta og heildarniðurstaða þáttanna. Í niðurstöðum verður sveitarfélögum skipt í þrjá stærðarflokka:

- Færri en 100 starfsmenn
- 100-499 starfsmenn
- 500 starfsmenn og fleiri

¹ Félag opinberra starfsmanna á Austurlandi
FOSS, stéttarfélag í almannabjónustu
Kjölur, stéttarfélag starfsmanna í almannabjónustu
Starfsmannafélag Garðabæjar
Starfsmannafélag Hafnarfjarðar
Starfsmannafélag Húsavíkur
Starfsmannafélag Kópavogs
Starfsmannafélag Mosfellsbæjar
Starfsmannafélag Suðurnesja
Starfsmannafélag Vestmannaeyja



Viðurkenning verður veitt fyrir efsta sveitarfélagið í hverjum flokki.

Hvað þarftu að gera til að vera með?

Með þessu bréfi bjóðum við þér þátttöku í könnuninni fyrir allt starfsfólk sveitarfélagsins. Þátttaka alls starfsfólks gefur betri mynd af stöðu sveitarfélagsins, heldur en ef einungis félagsmenn hlutaðeigandi stéttarfélaga svara. Þátttaka miðast við fastráðið starfsfólk í meira en 20% starfshlutfalli. Könnunin verður send til allra félagsmanna þeirra félaga sem standa að könnuninni, en gangist þú við þessu boði verður könnunin send öllu starfsfólki sveitarfélagsins óháð félagsaðild.

Hvað fær sveitarfélagið ef það tekur þátt?

Alls fá rúmlega 40 sveitarfélög boð um þátttöku. Þau sveitarfélög sem taka þátt fyrir allt starfsfólk og ná a.m.k. 35% svarhlutfalli fá einn aðgang að niðurstöðum í rafrænu kerfi (Gallup Torg) þar sem hægt er að sjá niðurstöður allra þátta og allra spurninga að baki þáttunum.

Til að sýna niðurstöður fyrir einstaka málaflokka, einingar eða stofnanir, þarf a.m.k. 10 eða fleiri svör að baki hverjum málaflokki. Þannig að ef næg svör berast, getur sveitarfélagið séð niðurstöður hvers málaflokks, þ.e. grunnskóli, frístundaheimili, hafnir, söfn, eldhús, leikskóli, akstur og tæki, félagsþjónusta, íþróttamannvirki o.fl. Með sama hætti getur sveitarfélagið einnig séð niðurstöður fyrir einstaka vinnustaði, t.d. hvern skóla ef 10 eða fleiri svör berast frá skólanum. Aldrei eru því sýndar niðurstöður fyrir færri en 10 svör í einu.

Um 40-60 mínútna kynning um hvernig sveitarfélagið getur nýtt niðurstöðurnar sem best fylgir með í kaupunum. Þrautreynt starfsfólk Gallup leiðir þig í gegnum niðurstöðurnar.

Hvað þarf að gera til að taka þátt?

Könnunin verður send til starfsfólks í mars 2022. Þau sveitarfélög sem kjósa að taka þátt fyrir allt starfsfólk þurfa að senda excel skjal með eftirfarandi upplýsingum á Tómas (tomas.bjarnason@gallup.is) fyrir lok febrúar 2022:

- Byrja skal á að gera vinnslusamning við Gallup vegna persónuupplýsinga sem sveitarfélagið sendir frá sér til Gallup. sendið tölvupóst á Tómas (tomas.bjarnason@gallup.is) og óskið eftir að fá sendan vinnslusamning.
- Þegar vinnslusamningur er kominn á, skal senda listann í læstri Excel skrá til Tómasar í síðasta lagi lok febrúar. Lykilorð til að opna skrána skal senda með SMS í síma 860-1025. Í skilaboðunum skal koma fram hver sendandinn er, dæmi: „Glæsisveitarfélag - lykilorð: GS2022.“
- Excel-skjalið þarf að innihalda eftirfarandi upplýsingar um allt fastráðið starfsfólk í 30% starfshlutfalli eða meira: Kennitölu, nafn, netfang og/eða GSM símanúmer ef netfang er ekki til staðar, vinnustað starfsfólks, nafn og kennitölu vinnustaðarins. Athugið að hafa svæðið fyrir kennitölur tíu stafa textasvæði svo að 0 (núll) fremst í kennitölu skili sér, ef við á. Notið hvorki bil né bandstrik í kennitöluna.
- Einnig þarf að fylgja tölvupóstinum: Nafn tengiliðs hjá sveitarfélaginu sem Gallup getur verið í samandi við til að upplýsa um þátttöku starfsfólks.



Gallup sér um framkvæmd könnunarinnar og úrvinnslu niðurstaðna. Könnunin er eingöngu rafræn og er send starfsfólki í tölvupósti en í SMS ef tölvupóstur er ekki fyrirliggjandi.

Hver er kostnaður við þátttöku?

Kostnaður við þátttöku starfsfólks alls sveitarfélagsins auk eins aðgangs að niðurstöðum sveitarfélagsins er sem hér segir (tölur án vsk.).

Alls fjöldi starfsmanna sveitarfélags	Verð fyrir þátttöku alls starfsfólks og einn aðgangur að niðurstöðum í rafrænu kerfi – verð eru án vsk.
Færri en 100 starfsmenn	182.000
100-199 starfsmenn	246.000
200-399 starfsmenn	359.000
400-699 starfsmenn *	574.000
700-999 starfsmenn	678.000
1000-1999 starfsmenn	980.000
2000-2999 starfsmenn	1.280.000

Auk þess bætast við kr. 390,- án vsk. fyrir hvern starfsmann sem ekki er félagsmaður í félögunum sem standa að könnuninni. *Sé sveitarfélagið, sem dæmi, með í heildina 500 starfsmenn, þar af 100 manns utan félaganna sem standa að könnuninni, greiðir sveitarfélagið fyrir það fyrst kr. 574.000 og til viðbótar 100 X 390 kr. eða 39.000 kr. Tölur eru án vsk.

Kynning frá Gallup á helstu niðurstöðum fylgir kaupum á skýrslu. Einnig fylgir kennsla á rafræna kerfið (Gallup Torg) svo sveitarfélagið geti nýtt sér það að fullu. Sveitarfélagið greiðir kostnað við þátttöku og skýrslugerð beint til Gallup.

Eftirfarandi félög standa að könnuninni,

Félag opinberra starfsmanna á Austurlandi	Þórður Vilberg Guðmundsson	thordur.vilberg@fiardabyggd.is
FOSS, stéttarfélag í almannajónustu	Árný Erla Bjarnadóttir	arny@foss.bsrb.is
Kjölur, stéttarfélag starfsmanna í almannajónustu	Arna Jakobína Björnsdóttir	jakobina@kjolur.is
Starfsmannafélag Garðabæjar	Kristján Hilmarsson	stag@stag.is
Starfsmannafélag Hafnarfjarðar	Karl Rúnar Þórsson	karl@sthafn.is
Starfsmannafélag Húsavíkur	Hermína Heiðarsdóttir	herminah@simnet.is
Starfsmannafélag Kópavogs	Marta Ólöf Jónsdóttir	sfk@stkop.is
Starfsmannafélag Mosfellsbæjar	Edda R. Davíðsdóttir	stamos@stamos.is
Starfsmannafélag Suðurnesja	Ástríður Sigþórsdóttir	formadur@stfs.is
Starfsmannafélag Vestmannaeyja	Unnur Sigmarsdóttir	unnur@stavey.is

Frekari upplýsingar fást hjá undirrituðum:

Tómas Bjarnason, tomas.bjarnason@gallup.is ; sími 860 1025

Tengiliður félagsins (arny@foss.bsrb.is ; sími 482-2760